

66. Stjórnarfundur Fenúr.

18. maí 2004

Mætt:

Elías Ólafsson

Pétur Bjarnason

Gunnar Bragason

Björn Halldórsson

Staður og stund; Súðarvogur, kl. 15:15.

1. Fundargerð síðsta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt samhljóða.

2. Fundur NAF

NAF (Nordisk Affals Forening) hélt síðast ársfund á Íslandi árið sem FENÚR var stofnað. Nú er röðin aftur kominn að Íslandi og verður næsti fundur haldinn á Hótel Keflavík í Keflavík 3. til 6. júní, n.k. Fundarefni eru af tvennum toga. Annars vegar gera þátttökuþjóðir grein fyrir laga- og reglugerðarramma í hverju landi og hins vegar greina þær frá hvað félögin í hverju landi hafi verið að gera. Forseti ISWA Jean-Paul Leglise mætir á fundinn. Sérstök dagskrá verður fyrir maka þátttakenda og þátttakendum ásamt mökum verður boðið í rútuferð í Þórsmörk. Heildarkostnaður verður 7.810 evrur og var tók EÓ að sér að kanna hvort hægt væri að fá norræna peninga til að mæta kostnaði.

3. Haustráðstefna

Það hefur þegar verið ákveðið að stefna að því að halda haustráðstefnu Fenúrs á Ísafirði. Rætt hefur verið um að halda hana 15. október en ýmissa ástæðna vegna þykir nú betra að stefna á að halda hana 8. október og hafa aðra föstudaga í október til vara. Rætt var um að dagskrá ráðstefnunar gæti fjallað um:

- Landsáætlanir um sorphirðu
- Sláturúrgang
- (Úrvinnslusjóð)
- Funa (hvað er að gerast?)
- Erindi úr sjávarútvegi

PB tók að sér að kanna hugsanlegt efni vegna síðasta liðar og EÓ ætlar að tala við bæjarstjóra um fyrirlestur.

4. Önnur mál

- a) EÓ greindi frá þeim upplýsingum sem hann hefur aflað um ECN (European Composting Network). Samtökin eru reglhlífarsamtök í málaflokknum með einn starfsmann í hlutastarfi. Samtökin starfa mest að ýmis konar “lobbyisma” og ráðgjöf. Samþykkt var að kanna samtökin betur með hugsanlega aðild Fenúrs í huga.
- b) EÓ greindi frá því að hann hefði eftir langa bið fengið svarbréf frá FEAD, sem eru alþjóðleg samtök og vinna að málefnum varðandi sorp. Þykir rétt að kanna þessi samtök frekar með tilliti til aðildar Fenúrs.

- c) BH greindi frá því að hann væri á leið til Danmerkur á fund í urðunarhópi ISWA. Fundurinn verður 20. til 22. júní og mun m.a. fjalla um þjálfun starfsmanna urðunarstöðva.

Fundi slitið 16:10

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega